








Skv. [umferðarlögum nr. 77/2019](#) má setja gjald vegna eftirfarandi stöðubrota. Tilvísanir í umferðarlög eru innan sviga ásamt tilvísun í [reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra](#) þar sem það á við.

Helstu upplýsingamerki og hvað þau þýða:

	<p>Bann við stöðvun eða lagningu ökutækis sem gefið er til kynna með umferðarmerki, bannað að leggja ökutæki (c liður 1.mgr. 109.gr) (B21.11)</p>
	<p>Bann við stöðvun eða lagningu ökutækis sem gefið er til kynna með umferðarmerki, bannað að stöðva ökutæki (c liður 1.mgr. 109.gr) (B24.11).</p>
	<p>Bann við stöðvun eða lagningu ökutækis sem gefið er til kynna með umferðarmerki, mörk svæðis þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð (c liður 1.mgr. 109.gr) (B.22.11).</p>
	<p>Skráningarskyldum ökutækjum má ekki leggja í vistgötu nema á merktum stæðum (2.mgr 9.gr) (D14.11).</p>
	<p>Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því á gangbraut eða innan 5 metra frá henni (a liður 1. mgr. 29.gr.) (D02.11).</p>
	<p>Að undanskildum þeim ökutækjum sem stæði eru ætluð er bannað að stöðva eða leggja ökutæki á merktu stæði fyrir ökutæki fatlaðs fólks (a liður 2.mgr. 29.gr.) (D01.21 og D01.11 með undirmerki J11.11).</p>

	<p>Að undanskildum þeim ökutækjum sem stæði eru ætluð er bannað að stöðva eða leggja ökutæki á biðstöð hópþifreiða innan 15 metra frá merki (b liður 2.mgr. 29.gr.) (D09.21).</p>
	<p>Að undanskildum þeim ökutækjum sem stæði eru ætluð er bannað að stöðva eða leggja ökutæki á merktu stæði fyrir leigubifreið, vörubifreið eða hópþifreið (c liður 2.mgr. 29.gr.) (D09-11-leigubifreið).</p>
	<p>Að undanskildum þeim ökutækjum sem stæði eru ætluð er bannað að stöðva eða leggja ökutæki á merktu stæði fyrir leigubifreið, vörubifreið eða hópþifreið (c liður 2.mgr. 29.gr.) (D01.32-vörubifreið).</p>
	<p>Að undanskildum þeim ökutækjum sem stæði eru ætluð er bannað að stöðva eða leggja ökutæki á merktu stæði fyrir leigubifreið, vörubifreið eða hópþifreið (c liður 2.mgr. 29.gr.) (D01.32-vörubifreið).</p>
	<p>Að undanskildum þeim ökutækjum sem stæði eru ætluð er bannað að stöðva eða leggja ökutæki á merktu stæði ætluðu bifreið til rafhleðslu (d liður 2.mgr. 29.gr.) (D01.34).</p>
	<p>Að undanskildum þeim ökutækjum sem stæði eru ætluð er bannað að stöðva eða leggja ökutæki á merktu stæði ætluðu sjúkrabifreið (e liður 2.mgr. 29.gr.) (D01.37).</p>
	<p>Að undanskildum þeim ökutækjum sem stæði eru ætluð er bannað að stöðva eða leggja ökutæki á merktu stæði ætluðu reiðhjóli (f liður 2.mgr. 29.gr.) (D01.41).</p>

	<p>Að undanskildum þeim ökutækjum sem stæði eru ætluð er bannað að stöðva eða leggja ökutæki á merktu stæði ætluðu bifhjóli (g liður 2.mgr. 29.gr.).</p>
	<p>Að undanskildum þeim ökutækjum sem stæði eru ætluð er bannað að stöðva eða leggja ökutæki á merktu stæði ætluðu fólksbifreiðum (h liður 2.mgr. 29.gr.) (D01.33).</p>

- Annað skv. 84. gr. og 1. mgr 86. gr. (d og e liður 1. mgr. 109.gr.).

Almennar reglur sem gilda þótt engin skilti séu sjáanleg:

- Á vegi má einungis stöðva ökutæki eða leggja því **hægra megin**. Þar sem einstefnuakstur er má þó setja aðrar reglur, sbr. 1. mgr. 84. gr (2. mgr 28.gr.).
- Eigi má stöðva skráningarskylt ökutæki eða leggja því á stöðum sem ekki eru ætlaðir fyrir umferð slíkra ökutækja, svo sem **gangstétt, göngustíg, göngugötu, hjólarein eða hjólastíg** nema annað sé ákveðið, sbr. 1. mgr. 84. gr. Sama á við um umferðareyjar, grassvæði og aðra svipaða staði. (3.mgr. 28.gr.).
- Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því á **vegamótum eða innan 5 metra frá næstu brún akbrautar á þvervegi** (b liður 1.mgr. 29.gr.).
- Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því þannig að **skyggi á umferðarmerki eða umferðarljós** (c liður 1.mgr. 29.gr.).
- Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því í **veggöngum, undir brú eða á brú**, nema sérstaklega sé ráð fyrir því gert (d liður 1.mgr. 29.gr.).
- Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því í **eða við blindhæð eða beygju** eða annars staðar þar sem vegsýn er skert (e liður 1.mgr. 29.gr.).
- Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því **þar sem akbraut er skipt í akreinar með óbrotinni mið-eða deililínu** milli akreina eða svo nálægt slíkri línu að torveldi akstur inn á rétta akrein (f liður 1.mgr. 29.gr.).
- Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því á **hringtorgi** (g liður 1.mgr. 29.gr.).
- Eigi má leggja ökutæki að hluta eða í heild **fyrir framan innkeyrslu að húsi eða lóð** (a liður 3.mgr. 29.gr.)
- Eigi má leggja ökutæki við **hlið ökutækis sem stendur við brún akbrautar**, annars en reiðhjóls eða létts bifhjóls (b liður 3.mgr. 29.gr.).
- Eigi má leggja ökutæki í **snúningshaus botnlangagötu** (c liður 3.mgr. 29.gr.).

- Eigi má leggja ökutæki þannig að **hindri aðgang að öðru ökutæki eða færslu þess af staðnum** (d liður 3.mgr. 29.gr.).
- Eigi má leggja ökutæki við **vatnshana slökkviliðs** (e liður 3.mgr. 29.gr.).
- Veghaldari eða eftir atvikum landeigandi getur, að höfðu samráði við lögreglu, bannað stöðu **eftirvagna, báta, húsbíla og annarra svipaðra tækja** á götum og almennum bifreiðastæðum sem þykja valda óþægindum, óþrifnaði eða hættu (4. mgr 29. gr.).